

Nr. 7/2005
4. mars 2005

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok febrúar 2005

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok febrúar 2005 og til samanburðar í lok janúar 2005 og í lok desember 2004.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 0,6 milljarða króna í febrúar sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um að viðhalda gjaldeyrisstöðu sinni. Gjalddeyrisforði bankans dróst saman um 4,9 milljarða króna í mánuðinum og nam 60 milljörðum króna í lok mánaðarins sem jafngildir 995 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Þessi lækkun skýrist af lánahreyfingum ríkissjóðs og gengisendurmati, en gengi íslensku krónunnar styrktist um 1,4% í febrúar.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkðu um 4 milljarða króna í febrúar og námu 18,1 milljarði króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir lækkðu um 0,4 milljarða króna og námu 8,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 2,6 milljörðum króna í febrúarlok miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir lækkðu um 6,5 milljarða króna í mánuðinum og námu 15,9 milljörðum króna í febrúarlok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir breyttust lítið í mánuðinum.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 6,4 milljarða króna og námu 25 milljörðum króna í lok febrúar.

Grunnfé bankans lækkaði í febrúar um 6,7 milljarða króna og nam 27 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 28. febrúar 2005

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR 2005	
	31.12.04	31.01.05	28.02.05	Á árinu	Í febrúar
EIGNIR	106.590,3	88.642,9	87.298,9	-19.291,3	-1.344,0
Erlendar eignir	65.709,2	65.106,1	60.185,0	-5.524,2	-4.921,1
a Gull	1.707,2	1.676,8	1.680,4	-26,8	3,6
b Sérstök dráttarréttindi IMF	7,5	7,5	5,2	-2,4	-2,3
c Gjalddeyrisstaða við IMF	1.765,3	1.757,9	1.718,3	-47,0	-39,5
d Erlendir bankar	23.171,2	21.466,9	16.788,8	-6.382,4	-4.678,1
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	38.909,7	40.050,0	39.846,7	937,0	-203,3
f Erlendar eignir utan forða	148,2	147,0	145,6	-2,6	-1,4
Innlánsstofnanir	31.771,3	14.147,0	18.127,4	-13.643,9	3.980,4
a Endurhverfir samningar	31.771,3	14.147,0	18.127,4	-13.643,9	3.980,4
Aðrar fjármálastofnanir	8.993,4	9.202,5	8.834,0	-159,4	-368,5
a Markaðsskráð verðbréf	3.231,6	2.588,2	2.541,0	-690,6	-47,1
b Endurhverfir samningar	5.761,8	6.614,3	6.293,0	531,2	-321,4
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	32,3	32,5	32,6	0,3	0,2
a Markaðsskráð spariskírteini	32,3	32,5	32,6	0,3	0,2
Aðrar eignir	84,0	154,8	119,8	35,8	-35,0
SKULDIR OG EIGID FÉ	106.590,3	88.642,9	87.298,9	-19.291,3	-1.344,0
Erlendar skuldir til skamms tíma	142,3	281,6	278,2	135,9	-3,4
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.560,7	1.554,1	1.517,3	-43,4	-36,8
Seðlar og mynt	11.632,3	11.235,2	11.090,4	-542,0	-144,8
Innlánsstofnanir	26.925,8	22.443,6	15.907,0	-11.018,7	-6.536,6
a Innstæður	22.519,0	9.766,9	13.026,5	-9.492,6	3.259,6
b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	2,9	0,0	0,0	-2,9	0,0
c Innstæðubréf	4.403,8	12.676,7	2.880,6	-1.523,2	-9.796,1
Aðrar fjármálastofnanir	13.680,8	100,5	102,3	-13.578,5	1,8
a Innstæður	13.680,8	100,5	102,3	-13.578,5	1,8
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	17.814,8	18.604,5	24.993,9	7.179,1	6.389,4
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	16.256,8	17.097,7	23.428,6	7.171,9	6.330,9
b Ríkisstofnanir	519,4	272,9	415,5	-103,9	142,6
c Gjalddeyrisreikningar ríkissjóðs	1.038,6	1.234,0	1.149,7	111,1	-84,2
Aðrar skuldir	635,5	569,7	788,3	152,8	218,7
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	-344,5	-1.576,6	-1.576,6	-1.232,1
Gengishagnaður/-tap á árinu	-301,1	-1.428,4	-1.428,4	-1.127,4
Áætlaður hagnaður af rekstri	-43,5	-148,2	-148,2	-104,7
Stofnfé og annað eigið fé	34.198,2	34.198,2	34.198,2	-	-
Liðir til skýringar					
Gjalddeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	65.561,0	64.959,1	60.039,4	-5.521,5	-4.919,6
Gjalddeyrisstaða, nettó	65.418,7	64.677,5	59.761,2	-5.657,5	-4.916,3
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	17.782,4	18.572,1	24.961,2	7.178,8	6.389,2
Kröfur á aðra, brúttó	40.848,7	23.504,4	27.081,3	-13.767,4	3.576,9
Grunnfé	38.558,1	33.678,8	26.997,4	-11.560,7	-6.681,4

Allar fjárhæðir í milljónum króna